

27. - 31. JANÚAR

2011

REYKJAVÍK

Shorts & Docs

2011

FILM FESTIVAL

WWW.FILMMAKERS.IS

REYKJAVÍK SHORTS & DOCS

Velkomin á Reykjavík Shorts and Docs 2011!

Það er Félagi kvikmyndagerðarmanna sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin á heimilda- og stuttmyndahátíðina Reykjavík Shorts and Docs sem nú er haldin í tíunda sinn í Bíó Paradís – heimili kvikmyndanna. Dagana 27.–31. janúar færum við ykkur 40 stuttmyndir, heimildamyndir og teiknimyndir, allt það nýjasta og ferskasta frá Íslandi og Norðurlöndum.

Hátíðin hefst með frumsýningu á íslensku heimildamyndinni Roðlaust og beinlaust eftir Ingvar Á. Þórisson en hann hefur fylgst með áhófninni á Kleifarberginu ÓF2 sem sýnir íslenska sjómenn í ólgusjó, hóp félaga sem hafa fundið sér leið til að létta sér lífið með því að spila og syngja saman í hljómsveit. Það er mikil gróska í gerð íslenskra stuttmynda og af þeim sem við sýnum á hátíðinni má nefna Yes Yes eftir Maríu Reyndal um taílenska konu sem kemur til Íslands til að ganga í hjónaband og í von um betra líf.

Á hátíðinni beinum við sjónum sérstaklega að Norðurlöndum og munum við sýna brót af því besta úr safni norræna heimildamynda liðins árs. Dansk leikstjórinn Frank Poulsen verður sérstakur gestur hátíðarinnar með heimildamyndinni Blood in the Mobile eða Blóðgemsar. Myndin hefur vakið verðskuldaða athygli á ýmsum kvikmyndahátíðum m.a. IDFA í Amsterdam en hún fjallar um málma frá Kongó sem notaðir eru í framleiðslu á farsímum. Á síðustu 15 árum hafa fimm milljónir manna látist í borgarastyrjöld í landinu og Sameinuðu þjóðirnar hafa staðfest að tengsl séu á milli styrjaldarinnar og málmiðnaðarinnar.

Í ár verður hluti hátíðarinnar helgaður teikni- og hreyfimyndum. Sýndar verða íslenskar hreyfimyndir sem eru að sækja í sig veðrið, og dansk/sænska verðlaunamyndin Fröken ótrúleg og starfsferill hennar, en leikstjóri hennar er Joanna Rubin Dranger og framleiðandi Lisbet Gabrielsson. Þetta er sannkallaður gimsteinn, teiknimynd fyrir fullorðna, uppfull af svörtum húmor um neikvæðar innri raddir, óraunhæfar væntingar foreldra og starfsferil á leið í vaskinn.

Meðal annarra áhugaverðra heimildamynda á hátíðinni er Breytingin í Bogotá undir stjórn M.I. Dalsgaardum um tvo litríka borgarstjóra Bogotá í Kólumbíu sem á áratug gjörbreyttu þessari hættulegustu og spilltustu borg í Suður-Ameríku í friðsama fyrirmyndarborg. Ekki er ólíklegt að íslenskir stjórnmálamenn gætu lært eitt eða annað ef þeim félögum og munum við sérstaklega bjóða borgarfulltrúa, borgarstarfsmenn og aðra áhugamenn um betri borg á þessa sýningu. Fjármálakreppan sem varla hefur vikið úr huga manna

síðustu ár, er viðfangsefni Martins Borg í kvikmyndinni Ofskammtur en hún varar við þeim afleiðingum sem efnahagsaðgerðir



Bandaríkjamanna kunna að valda með „gervi“-fjármagninu – fjárhagsaðstoð sem dælt var inn í hagkerfið vestra. Er virkilega önnur verri kreppa framundan? Að lokum má nefna verðlaunamyndina Ángarna eða Eftirsjá sem fjallar um tvo sænska karla sem gengust undir skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni sínu og gengu gegnum stóran hluta lífs síns sem konur. Báðar komast þær að þeirri niðurstöðu, hvor í sínu lagi, að leiðréttingaraðgerðin hafi verið mistök og lifa nú sem karlar á ný. Í þessari ótrúlegu og fallegu sögu hittast þessir tveir menn og ræða hispurslaust um líf sitt. Á eftir sýningu kvikmyndarinnar verða pallborðsumræður um innihald hennar, fjölbreytileika transfólks og kynjamismun. Í pallborðinu taka þátt Anna Jonna Ármannsdóttir frá félaginu Trans Ísland, Óttar Guðmundsson, geðlæknir, Rannveig Traustadóttir, prófessor og Tora Victoria, listamanneskja og trans.

Þegar Reykjavík Shorts and Docs hóf feril sinn sýndu engar hátíðir eða kvikmyndahúss stutt- eða heimildamyndir reglulega. Nú er sá vettvangur gjörbreyttur, t.d. með tilkomu Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, Skjaldborgarhátíðarinnar á Patreksfirði, Stuttmyndadaga í Reykjavík, og Northern Wave á Grundarfirði. Hér munar þó mestu um Bíó Paradís sem er dásamleg viðbót við blómlegt menningarlíf í höfuðborginni. Reykjavíkurborg hefur stutt hátíðina dyggilega gegnum tíðina og stutt hana fjárhagslega fyrir það kunnum við ráðamönnum miklar þakkir.

Njótið vel.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Formaður félags kvikmyndagerðarmanna

Sjálfboðaliðar og starfsfólk hátíðarinnar í ár eru: Anna Þóra Steinþórsdóttir, Anton Máni Svansson, Guðbergur Davíðsson, Guðmundur Erlingsson, Guðrún Ragnarsdóttir, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Ingimar Eydal, Júlía Embla Katrínardóttir, Lovísa Óladóttir, María Ágústsdóttir, Stefanía Thors og Svala Georgsdóttir.

Sérstakar þakkir fá: Ásgrímur Sverrisson, Eva Jóhannsdóttir, Harpa Másdóttir, Hjalmtýr Heiðdal, Ingvar Hreinsson, Ingvar Á. Þórisson, Jing Haase, Margrét Jónasdóttir, Saga Film, Signý Pálsdóttir, og Örn Sveinsson.

HEIMILDAMYNDIR

Amma / Granny

GUNNAR KONRÁÐSSON

Stella Stefánsdóttir er fædd á fyrri hluta 20. aldar og hefur upplifað tímana venna og í hjáverkum alið af sér svo marga afkomendur að allir eru hættir að telja. Sem ættmóðir stórrar ættar hefur amma alltaf einbeitt sér að því sem mestu skiptir í lífinu, sínum nánustu. Þróun frá malarvegum til malbiks og gufuvélum til gervihnatta þýðir samt sem áður að Stella er og verður áfram Stella, þó fyrst og síðast amma Stella. Amma segir sögu sína í þessari mynd en sagan sem hún segir er þó ekki einungis hennar, heldur saga heillar kynslóðar. Kynslóðar sem nú er að hverfa.

Ísland / Iceland

2010 - heimildamynd / documentary

40 min - DVD 16:9 PAL



My grandmother, Stella was born in the early 20th century. She has lived to see amazing changes around her, from steam engines to satellites, from dirt roads to asphalt and she has lived to see so many descendants that she has stopped counting. Granny tells her story and the story of a whole generation, a generation that is now disappearing.

Micky baðar sig / Micky Bader

FRIDA KEMPF

Micky hefur verið meðlimur í baðfélaginu í fimm ár. Á hverjum degi, árið um kring, syndir hún með vinum sínum. Saga hennar varpar ljósi á tilveru okkar sjálfra, tilveru sem virðist einungis vera háð tilviljanakenndri röð atburða.

Svíþjóð, Danmörk / Sweden, Denmark

2009 - heimildamynd / documentary

14 min - 35mm



Micky has been a member of the local bathing club for almost half a decade. Every day, every season, she swims with her friends. Her story gives a perspective on ourselves, and on how our existence is but the fruit of coincidence.

Útrás eldri borgara / Senior Citizen Expand

LÝÐUR ÁRNASON

There is no one to say that a senior citizen can't come up with great entrepreneurial ideas. In Senior Citizen Expand we meet two older gentlemen who take on a trip to China to put their idea into motion.



Ísland / Iceland

2010 - heimildamynd / documentary

37 min

Það getur enginn sagt að löggilt gamalmenni fái ekki góðar viðskiptahugmyndir. En það eru ekki allir sem framkvæma hlutina. Útrás eldri borgara segir frá tveimur heiðursmönnum sem ráðast í ferðalag til Kína til að freista þess að koma hugmynd sinni í framkvæmd.

**Sýndar laugardaginn
29.janúar kl. 16 og á
sunnudaginn 30.janúar
kl. 20:00**

Blóðgemsar / Blood in the Mobile

FRANK PIASECKI POULSEN



Málmar frá Kongó eru notaðir í framleiðslu á farsímum. Á síðustu 15 árum hafa fimm milljón manns látist í borgarastyrjöld í landinu og SP hefur staðfest að tengsl séu á milli styrjaldarinnar og málmiðnaðarins. Danski heimildamyndagerðarmaðurinn Frank Poulsen hefur slæma samvisku vegna þess og vill ekki senda eiginkonu sinni SMS ef það þýðir að það kosti mannslíf í Kongó. Hann bankar upp á hjá einum stærsta farsímaframleiðanda í heimi, NOKIA, til að spyrja þá út í málið en fær engin svör. Fyrirtækið gortar sig af því að taka samfélagslega ábyrgð en getur samt ekki staðfest að þeir noti aldrei málma frá Kongó. Poulsen gerir sér grein fyrir því að hann sem neytandi heldur lífinu í þessum viðskiptum og ákveður að ferðast til þorpins Walikale og í hina óaðgengilegu og hættulegu námu Bisie í Kongó. Pangað fær enginn að koma en í námunni vinna börn og unglingar við uppgröft á tin oxíði (tinstone). Á ferð sinni afhjúpar hann hver hagnast á þessu.



Minerals from Congo are used in the making of mobile phones. In the past 15 years, five million people have died in the country's civil war, and the UN has been reporting a connection between the mineral trade and the war for a long time now. Danish documentarian Frank Poulsen feels guilty about all this - he doesn't want to keep sending text messages to his wife if it means it might have cost a life in Congo. He goes knocking at the door of market leader Nokia, but only gets the runaround. The company that prides itself on social responsibility cannot even guarantee that it never imports minerals from Congo. Poulsen realizes that his status as a consumer is keeping the trade alive, so he decides to travel to the village of Walikale and the inaccessible Bisie mine in Congo - a no-go area - to observe the dangerous conditions in which primarily underage miners extract cassiterite (tinstone). In the process, he discovers who's making money on all of this. A bureaucrat at the Ministry of Mining ends up having a company that handles in mining permits, the army collects tolls at the port, and warlords buy weapons with the profits that the minerals generate - all this so we can call our loved ones.

Þýskaland, Danmörk / Germany, Denmark
2010 - heimildamynd / documentary
82 min - HD

**Sýnd laugardaginn
29.janúar kl. 20, sunnudaginn
30. kl. 18.00 og mánudaginn
31.janúar kl. 22:00.**

Frank Poulsen leikstjóri myndarinnar verður sérstakur gestur hátíðar og mun svara spurningum eftir sýningu myndarinnar.

Frank Poulsen the director of the documentary will be in attendance and answer questions after the screening of the film.

Breytingar í Bogotá / Bogotá Change

ANDREAS DALSGAARD



Danmörk / Denmark
2010 - heimildamynd / documentary
58 min - DigiBeta

Áhugaverð saga um tvo borgarstjóra í Bogotá, Antanas Mockus og Enrique Peñalosa, sem eru báðir gæddir miklum persónutöfrum hvor á sinn hátt. Á innan við 10 árum breyttu óhefðbundnar og skapandi aðferðir þeirra einni hættulegustu og spilltustu borg heims í friðsama fyrirmyndarborg.

An intriguing story of two charismatic Bogotá mayors, Antanas Mockus and Enrique Penalosa. In less than 10 years, their unorthodox and creative methods turned one of the world's most violent and corrupt capitals into a peaceful model city populated by caring citizens.

Sýnd laugardaginn 29.janúar kl. 18:00 og
mánudaginn 31.janúar kl. 18:00.

Eftirsjá / Ångrarna

MARCUS LINDEEN

Tveir sænskir karlmenn gengust undir skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni sínu og gengu gegnum stóran hluta lífs síns sem konur. Báðar komast þær að þeirri niðurstöðu, hvor í sínu lagi, að leiðréttingaraðgerðin hafi verið mistök og lífa nú sem karlar á ný.

Two Swedish men go under the knife and become women, only to realize that changing their sex was a big mistake. In this amazing and beautiful portrait the two men meet for the first time to talk about their lives.



Svíþjóð / Sweden
2010 - heimildamynd / documentary
60 min - DigiBeta

Pallborðsumræður verða að sýningu lokinni um innihald hennar, fjölbreytileika transfólks og um þá sýn sem þeir varpa á þann mun sem það er að ganga í gegnum lífið sem karl eða kona. Í pallborðinu taka þátt Anna Jonna Ármannsdóttir, ritari Trans Íslands, Óttar Guðmundsson, geðlæknir, Rannveg Traustadóttir, prófessor og Tora Víctoría, listamanneskja og trans.

Sýnd sunnudaginn 30.janúar kl. 16:00 og
mánudaginn 31.janúar kl. 20:00.

Flúreyjar / Tattoo Iceland

LÁRUS JÓNSSON

Heimildarmynd um ferðalag Jóns Páls og Fjölnis, tveggja fremstu húðflúrara Íslands, á mótorhjólum til Færeyja sumarið 2009. Þeir opnuðu tattoo-stofu í Klaksvík í Færeyjum til að kynnast innfæddum og síðum þeirra, heimsóttu heimamenn, sóttu hátíðir og prófuðu færeyska siði. Mynd um mótorhjól, tónlist, húðflúr og Færeyjar.

A documentary/roadmovie about the trip that Jón Páll and Fjölur, two of the best tattoo-artists in Iceland, took on motorcycles to the Faroe Islands in the summer of 2009. They opened a tattoo-shop in Klaksvík in the Faroes as a way to get to know the natives and their customs in a more personal and intimate way. They visited the local people, went to festivals and tried Faroese customs. A film about motorcycles, music, tattoos and the Faroes – where Rock'n Roll meets folk traditions!



Danmörk / Denmark
2010 - heimildamynd / documentary
58 min - DigiBeta

**Sýnd laugardaginn
29.janúar kl. 22
og sunnudaginn
30.janúar kl. 16:00**

Heimsfrumsýning á nýrri heimildarmynd eftir Gunnar Hauth þar sem við skýggjumst inn í undirheima ólöglegra Tekno hátíða í mið Evrópu. Farið er í ferðalag með hóp hollenskra og írskra stráka sem að stunda þá iðju að halda ólögleg (reif) party með risa hljóðkerfi inn í miðju skóglendi í Þýskalandi og Tékklandi. Innsýn inn í menningarheim sem margir hafa heyrt um en fáir hafa séð og upplifað og þar sem árekstrar við lögreglu eru tíðir og stundum blóðugir.

Free Tekno is a journey into the underground of illegal underground tekno festivals in central Europe. We travel with a group of Dutch and Irish boys who throw illegal rave parties in the forests of Germany and Czech Republic. We gain access to an underground that many have heard of but few have seen.

Free Tekno

GUNNAR HAUTH



Ísland / Iceland
2010 - heimildamynd / documentary
50 min - HD

**Sýnd laugardaginn 29.janúar kl. 16:00 og 22:00 og sunnudaginn
30.janúar kl. 20:00.**

Ofskammtur / Överdos

MARTIN BORG

The story of the greatest economic crisis of our age – the one that awaits us. The film traces the origins of the financial crisis and explores the eerie similarities with today's situation, where states such as Greece, Iceland and even the U.S. seem to be in danger of collapse.



Saga um næstu bólu, stærstu efnahagsskreppu nútímans, þá sem ekki ennþá er komin. Myndin rekur upphaf efnahagsskreppunnar og ber hana saman við stöðuna sem er komin upp í dag, þegar ríki eins og Grikkland, Ísland og jafnvel Bandaríkin virðast riða til falls.

Svíþjóð / Sweden
2010 - heimildamynd / documentary
46 min - DigiBeta

**Sýnd laugardaginn
29.janúar kl. 16:00 og
22:00 og sunnudaginn
30.janúar kl. 20:00.**

R stendur fyrir Realdoll / R is for Realdoll

KATJA NIEMI

Hún er fögur, þögul og alltaf til í tuskið. Myndin kynnir okkur fyrir „realdoll“ og viðhaldi hennar eftir heimsókn viðskiptavinar.

She is beautiful, quiet and always willing. This documentary introduces us to the realdoll and its maintenance after a client has left.

**Sýnd föstudaginn 28.
janúar kl. 20, laugardaginn
29. kl. 16 og sunnudaginn
30. kl. 22:00**



Finnland / Finland
2009 - heimildamynd / documentary
7 min - DigiBeta

Tékkneski draumurinn / Český Sen

VÍT KLUSKÁK, FILIP REMUNDA

Two students from the Czech Film Academy commission a leading advertising agency to organize a huge campaign for the opening of a new supermarket named Czech Dream. The supermarket however does not exist and is not meant to. The advertising campaign includes radio and television ads, posters, flyers with photos of fake Czech Dream products, a promotional song, an internet site, and ads in newspapers and magazines. Will people believe in it and show up for the grand opening?



**Sýnd föstudaginn 28. janúar kl.
20, og mánudaginn 31. kl. 18.**

Tveir nemendur úr tékkneska kvikmyndaskólanum setja á svið opnun á stórvörversluninni Tékkneski draumurinn. Búðin er kynnt í gegnum sjónvarp og útlarp, með plaggötum og ýmiskonar tilbúnum vörum fyrir búðina sem er ekki til og verður aldrei. En ætli fólk trúir þessu og mæti á opnun búðarinnar?

Tékkland / Czech Republic
2004 - heimildamynd / documentary
82 min - 35mm

Enginn meðal Jón / Not the average Joe

FROSTI JÓN RUNÓLFSSON



Ísland / Iceland
2010 - heimildamynd / documentary
29 min - HD

Jón Sveinsson hefur unnið fyrir Garðabæ í yfir 20 ár. Flestir, ef ekki allir Garðabæingar vita hver hann er og hann þekkir flesta Garðabæinga með nafni. Hann ténir upp rusl af götum bæjarins með bros á vör og leggur metnað í að gera plánetuna að fallegri stað. Samúð hans með samborgurum sínum og dýrum er óþrjótandi og einlægnin skín af honum við hverja stund. Í þessari mynd fylgjumst við með honum við sín störf og komumst að því hver maðurinn er í raun og veru.

Jón works in the wealthy suburb Garðabær where most of the inhabitants know who he is and he knows their name. He smilingly picks up trash from the streets and puts an effort into making the planet a more beautiful place. He is both sincere and compassionate towards his fellow citizen but where does this inner beauty really come from?

Sýnd föstudaginn 28.janúar kl. 20:00, laugardaginn 29. janúar kl. 16.00 og sunnudaginn 30.janúar kl. 22.00

Roðlaust og beinlaust / No Bone No Skin

INGVAR ÞÓRISSON



Ísland / Iceland
2011 - heimildamynd / documentary
48 min - HD

Þessi heimildamynd um áhöfnina á Kleifarberginu Óf-2 frá Ólafsfirði sýnir óvænta hlið á lífi íslenskra sjómanna, hvunnagshetjum sem hafa fundið skemmtilega leið til þess að létta sér lífið; að spila og syngja saman. Lífið á sjónum er ekki bara puð, það rokkar líka.

On board a factory trawler from a small village in the north of Iceland, a group of fishermen have found an unusual way to deal with the rough life at sea. They put together a band – NO SKIN NO BONE. The music of – NO SKIN NO BONE stays close to home and deals with the everyday life of the fishermen, their longings, hopes, fears and desires. In fact it is their own work songs.

Framsýnd fimmtudaginn 27.janúar og sýnd einnig föstudaginn 28.janúar kl. 22:00, laugardaginn 29.janúar kl. 18:00 og sunnudaginn 30.janúar kl. 18:00.

STUTTMYNDIR

Fore!

JHS

Kúla á leiðinni, gæti hitt höfuð eða bak!

For all that I have done, I am so sorry.
- Tiger Woods



Ísland / Iceland
2011 - stuttmynd / shortfilm
1.07 min - 16mm

Sýnd föstudaginn 28. janúar kl. 20:00, laugardaginn 29. janúar kl. 16.00 og einnig sunnudaginn 30. janúar kl. 22.00

Tælensk brúður kemur til Íslands í von um betra líf. Þegar nýi maðurinn lokar hana inni og læsir fötin hennar inni skáp áttar hún sig á að það er eitthvað mikið að. Hún kemst í samband við aðra brúður og með hjálp hennar ná þær að snúa blaðinu við. Á hverju ári flytjast þúsundir tælenskra kvenna til Vesturlanda, margar í gegnum hjónabandsmiðlanir á netinu. Yes Yes er byggð á viðtölum við tælenskar konur sem búa á Íslandi og lýsir hvernig þær eru algjörlega háðar mönnunum sem þær flytjast til en jafnframt hvernig þær ná að sigrast á erfiðleikum sem þær lenda í.

Ísland / Iceland
2011 - stuttmynd / shortfilm
18 min - RED

Yes Yes

MARÍA REYNDAL

A Thai mail-order bride comes to Iceland in search of a better life. When her new partner locks her in the house and takes her clothes from her she realizes something is terribly wrong. Locked in the flat she finds things belonging to an earlier Thai bride and with her help she manages to turn the tables on her captor. Every year thousands of Thai women move to Western countries, many through internet dating websites. "Yes yes" is based on interviews with Thai women living in Iceland who describe a life where they are both vulnerable and completely dependent on their partners for survival, yet one can see their resourcefulness and determination to overcome any obstacles put in their way.

Sýnd föstudaginn 28. janúar kl. 20:00, laugardaginn 29. janúar kl. 16.00 og einnig sunnudaginn 30. janúar kl. 22.00



Skáksaga / Chess Story

INGVAR STEFÁNSSON



Ísland / Iceland
2011 - stuttmynd / shortfilm
5.39 min - DigiBeta

Sýnd föstudaginn 28. janúar kl. 20:00, laugardaginn 29. janúar kl. 16.00 og einnig sunnudaginn 30. janúar kl. 22.00

The battle of two great chess players to mentally overpower one another takes on a dimension of life-or-death physicality as their duel begins to echo with the violent sounds of warfare from centuries passed. As the opponents race against time in their quest to capture each other's king, their match escalates into bloody hand-to-hand combat.

Undir baráttu tveggja stórhuga skákmanna ómar niður stríðsátaka liðinna alda. Hvor skákmaður fyrir sig reynir í kappi við tímann að knýja fram sigur í stríði sem fyrst og síðast er huglægt þó tilfinningarnar ólgi undir niðri og stutt sé í blóðug átök.

Tvöföld tilvera / Double Being

SNORRI FREYR FAIRWEATHER



Ísland / Iceland
2011 - stuttmynd / shortfilm
15 min - Super 16

Sýnd föstudaginn 28. janúar kl. 20:00, laugardaginn 29. janúar kl. 16.00 og einnig sunnudaginn 30. janúar kl. 22.00

Ungur maður (Tindur) tekur við útvarpstöð í smábæ út á landi. Smá saman áttum við okkur á að hann lifir tvöföldu lífi í gegnum tilvist gamals manns sem er við dauðans dyr.

A young man, Tindur, runs a radio station in a small town. Soon we find out that he lives a double life through an old man who is at death's door.

Annarra manna stríð / Far Away War

FAHAD FALUR JABALI

Til umhugsunar... um sársauka annarra. Lífið gengur sinn vanagang hjá íslenskri fjölskyldu í Reykjavík. Í fréttum er þetta helst. Stormur gengur nú yfir Norðurland. Fjöldi bíla er fastur á Hellisheiðinni. Ísraelsmenn halda áfram loftárásum á Gaza. Mörg hundruð óbreyttra borgara hafa fallið, þar á meðal konur og börn. Scheffertíkin Lucy er nú fundinn heil á húfi... o.s.frv....

Ísland / Iceland
2009 - stuttmynd / shortfilm
3.49 min - RED

Sýnd kl. 18:00, föstudaginn 28. janúar og einnig mánudaginn 31. janúar kl. 20.



For contemplation... pain of others. Normal life for an Icelandic family in Reykjavík; Headline news about a storm in the north, cars are stuck on the moor Hellisheiði above Reykjavík; The Israeli army continues to pound Gaza; Hundreds of civilians have been killed, among them women and children; The Schaffer bitch Lucy has finally been found.

Clean

ÍSOLD UGGADÓTTIR

Myndin segir af Natalie, danskennara fyrir aldraða, sem berst við að halda andlitinu gagnvart umhverfi sínu, þrátt fyrir leyndan vanda sem senn verður henni ofviðá.

A young dance instructor for the elderly must go to extreme measures to fund a growing habit.



Ísland / Iceland
2010 - stuttmynd / shortfilm
10 min - RED

**Sýnd kl. 18:00 föstudaginn 28.janúar og
mánudaginn 31.janúar kl. 20:00.**

Crew

HARALDUR SIGURJÓNSSON

Crew fjallar um kvikmyndagerð, Íslendingasögurnar, kreppuna, skápahomma og Gísla Örn Garðarsson.

Crew is about filmmaking, the Icelandic sagas, the current crisis, closeted gays and Gísli Örn Garðarsson.



Ísland / Iceland
2010 - stuttmynd / shortfilm
21 min - DigiBeta

**Sýnd kl. 18:00 föstudaginn 28.janúar og
mánudaginn 31.janúar kl. 20:00.**

Ég elska þig / I Love You

SÆVAR SIGURÐSSON



Ísland / Iceland
2009 - stuttmynd / shortfilm
6 min - RED

Hemmi er að halda einhverju leyndu fyrir Önnu. Hana grunar hvað það er, en vonar um leið að sá grunar sé ekki á rökum reistur. Hún ákveður að ganga á hann, spyrja hann bara hreint út, sama hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér. „Ég elska þig“ leyfir okkur að skyggast inn í líf tveggja einstaklinga um stundarsakir. Ágreiningur þeirra á milli fær þau til að efast um ást hvors annars, ást sem átti að vera eilíf og óhagganleg.

Hemmi is keeping a secret from Anna. She suspects what it is but hopes at the same time that she's wrong. She decides to confront him, ask him straightforward, no matter what the consequences. "I love you", allows us to catch a glimpse into the lives of two individuals. A disagreement between them, has them doubting their love for each other. Love that was supposed to be eternal and unwavering.

**Sýnd kl. 18:00 föstudaginn 28.janúar og
mánudaginn 31.janúar kl. 20:00.**

Kennitölur / Social Security

HALLUR ÖRN ÁRNASON

Guðrún er 10 ára stelpa. Einn skóladag er hún kölluð inn til skólustjórans. Hann tilkynnir henni að jeppabífið í hennar eigu hafi brunnið til kaldra kola...

Guðrún is a 10 year old girl. One day at school she is called to the principal office. He tells her that a jeep in her name has just burned to the ground...



Ísland / Iceland
2010 - stuttmynd / shortfilm
9 min - DigiBeta

Sýnd kl. 18:00 föstudaginn 28.janúar og
mánudaginn 31.janúar kl. 20:00.

Pleisið / The Place

JAKOB HALLDÓRSSON



A promising high school kid is unjustly sent to the notorious juvenile prison of Iceland where he faces increasingly severe abuse from the head guard who is determined to break his spirit.

Ungur menntaskólastrákur er sendur saklaus í alræmdasta unglingafangelsi Íslands þar sem hann þarf að horfast í augu við stöðuga misnotkun af hálfu yfirvarðar sem er ákveðin í að fá hann til þess að jata glæp og meðtaka heilagan anda guðs.

Ísland / Iceland
2009 - stuttmynd / shortfilm
22 min - RED

Sýnd kl. 18:00 föstudaginn 28.janúar og
mánudaginn 31.janúar kl. 20:00.

Þyngdarafl / Gravity

LOGI HILMARSSON



Ísland / Iceland
2010 - stuttmynd / shortfilm
20 min - DigiBeta

Þyngdarafl er kómítragísk stuttmynd sem leikur sér að hugmyndinni um "reality tunnels". Á yfirborðinu fjallar hún um vináttu, ást, geimverur, kókaín og fötlun, ekki endilega í þessari röð.

Gravity is a Comically Tragic short film that playfully deals with the concept of "reality tunnels". On the surface it is about Friendship, Love, Space Aliens, Cocaine, and Handicap... Not necessarily in that order.

Sýnd kl. 18:00 föstudaginn 28.janúar og
mánudaginn 31.janúar kl. 20:00.

Áttu vatn? / Got Water?

HARALDUR SIGURJÓNSSON



Ísland / Iceland
2010 - stuttmynd / shortfilm
17min - HDV

Áttu vatn? fjallar um einlæg en feimin samskipti tveggja manna sem hafa kynnst á einkamálasíðu á netinu og eru að hittast í fyrsta skipti.

Got Water? is about a sincere relationship between two shy guys who have met through an on-line dating website as they meet face to face for the first time.

Sýnd kl. 22:00 föstudaginn 28.janúar og kl. 20:00 laugardaginn 29.janúar.

Heart to Heart

VERA SÖLVADÓTTIR



Ísland / Iceland
2010 - stuttmynd / shortfilm
6 min - HDV

Tveir einstaklingar laðast hvor að öðrum fyrir tillilli hjartsláttar.

Two people are magnetically drawn together by a beating heart.

Sýnd kl. 22:00 föstudaginn 28.janúar og kl. 20:00 laugardaginn 29.janúar.

Kötturinn Njáll / The Stray Cat

GRÍMUR ÖRN ÞÓRÐARSON



Ísland / Iceland
2009 - stuttmynd / shortfilm
16 min - HD

Ungur maður man ekki hvað gerðist kvöldið áður. Hann endurheimtir minnið næstu daga og hittir á sama tíma unga stúlku, sem á eftir að flækja líf hans meira en hann gæti nokkurn tímann ímyndað sér.

A young man doesn't remember what happened to him the night before. Over the next days his memory starts to come back but at the same time he meets a young girl. She will complicate his life more than he could ever imagine.

Sýnd kl. 22.00 föstudaginn 28.janúar og kl. 20.00 laugardaginn 29. janúar.

Rabbit Hole

MUNDI VONDI

Súrrelísk mynd um fār ungrar stúlku sem þarf að leysa ýmsar þrautir til að komast á þann leiðarenda sem hún óskar sér. Myndin var í upphafi gerð sem kynning-armyndband fyrir nýja fatalínu hjá Munda Design og var frumsýnd á tiskuvíkunni í París síðastliðinn október.

Rabbit Hole is an enticingly surreal fable in the vein of Terry Gilliam and Alejandro Jodorowsky that features a young girl traversing a beautiful terrain full of strange and bizarre creatures. Rabbit Hole is the first real foray into film by Icelandic designer and artist Mundi Vondi and premiered at Paris Fashion Week.




Ísland / Iceland
2010 - stuttmynd / shortfilm
17 min - 5D

Sýnd kl. 22:00 föstudaginn 28.janúar og kl. 20:00 laugardaginn 29.janúar.

Svefnrof / Head on Sticks

RAGNAR SNORRASON



Ísland / Iceland
2010 - stuttmynd / shortfilm
23 min - HDV


Sýnd kl. 22.00 föstudaginn 28.janúar og kl. 20.00 laugardaginn 29. janúar.

Sváfnir er húsvörður í verslunarmiðstöð. Þegar hann finnur höfuð í ruslutunnu flækjast málin talsvert og sér í lagi gagnvart drauma stúlkunni.

Sváfnir, a janitor at a shopping mall, can work carelessly and at his own pace all night until, suddenly, he finds a severed head in a trashcan. Struggling with the finding while dealing with the girl of his dreams, Sváfnir confronts his own little demons.

Veran / The Being

SNORRI FREYR FAIRWEATHER



Ísland / Iceland
2010 - stuttmynd / shortfilm
7 min - RED

Tónlistarmaður sekkur lengra og lengra inn í dimman heim þar sem hann á endanum breytist í mykraveru.

A musician gets deeper and deeper in to a black hole until he changes in to a dark being.

Sýnd kl. 22.00 föstudaginn 28.janúar og kl. 20.00 laugardaginn 29. janúar.

TEIKNIMYNDIR

Sýndar föstudaginn 28.janúar kl. 18, og sunnudaginn 30. kl. 16 og 22.

Fröken ótrúleg og starfsferill hennar / Fröken markvæðig & karriären

JOANNA RUBIN DRANGER

Teiknimynd fyrir fullorðna uppfyll af svörtum húmor um neikvæðar innri raddir, óraunhæfar væntingar foreldra og starfsferil á leið í vaskinn.

A black-humor animation about inner demons, crushing parental expectations and a career meltdown.



Svíþjóð, Danmörk, Írland / Sweden,
Denmark, Ireland
2010 - hreyfimynd / animation
29 min - 35mm

Dauði skordýrsins / ERÁNÁN N HYOÄNTEISEN TUHO

HANNES VARTIAINEN &
PEKKA VEIKKOLAINEN

Í óravídd hrjóstrugs landslags þar sem tíminn er um það bil stöðvast, innan um einmanaleg og innantóm mannvirki, meðal hræðilega afmyndaðra skordýralíka, er um það bil að hefjast brjálaður ballet og nýttklakið fiðrildi er um það bil að deyja.



Finnland / Finland
2010 - tilraunahreyfimynd /
experimental animation
7 min - 35mm

In a vast, lifeless landscape where time itself has stopped its crawl; within the isolated hollows of urban structures; among the horribly deformed remains of fellow insects; a mad ballet is commencing and a newly hatched butterfly is about to die.

Góðkynja / Benigni

ELLI VUORINEN & JASMIINI OTTELIN
& PINJA PARTANEN



Finnland / Finland
2010 - hreyfimynd / animation
8 min - DigiBeta

A lonesome xylophone player finds a viciously growing tumor under his arm. In his attempts to get rid of the tumor he discovers that it has some unconventional qualities.

Einmana sílafónleikari uppgötvar hraðstækkandi æxli í handarkrika sínum. Í örvæntingarfullum tilraunum sínum til að losna við það kemst hann að því að það býr yfir óvenjulegum hæfileikum.

Allt tunglið sem blóð / Moon Into Blood

EINAR BALDVIN



BNA, Ísland / USA, Iceland
2008 - hreyfimynd / animation
5 min - HD

An animated film noir: Down on his luck drunkard Morton Daniels is hired by The Sweaty Man to track down murder suspect Doctor Haver.

Teiknimynd í „film noir“ stíl: Fyllirafturinn Morton Daniels er ráðinn af Sveitta-Sveini til að leita uppi Dr. Haver sem er grunaður um morð.

Geðstjarfi / Catatonic

EINAR BALDVIN

Drengurinn er veikur, geðstjarfur. Móðir hans er að bugast af áhyggjum og hringir í lækni. Læknirinn hefur ýmislegt á þrjónunum.

The boy is ill, catatonic. His mother, concerned, calls the doctor. The doctor has ein plan.



BNA, Ísland / USA, Iceland
2008 - hreyfimynd / animation
5 min - HD

Álagablettir / In The Crack of the Land

UNA LORENZEN

An allegorical tale of the threatened spirit of the Icelandic highlands.

Táknrænt ævintýri um íslenska náttúru sem á undir högg að sækja.



BNA, Ísland / USA, Iceland
2009 - hreyfimynd / animation
8 min - HD

Pranam

UNA LORENZEN



An experimental animation for the song Pranam II by Giacinto Scelsi. The piece was premiered with live music by the Ísafold Chamber Orchestra.

Tílaunahreyfimynd sem gerð var við tónlist Giacinto Scelsi, Pranam II, flutt af kammersveitinni Ísafold.

BNA, Ísland / USA, Iceland
2009 - tílaunahreyfimynd / experimental animation
6 min - HD

Hugleiðing

Síðastliðið ár reyndist okkur kvikmyndagerðarmönnum sannarlega erfitt í skauti. Þar réð bankahrunið mestu og síðan sá niðurskurður fjármuna sem fylgdi í kjölfarið. Það góða við allar þessar hremmingar er það að þær hafa þjappað kvikmyndagerðarmönnum saman sem aldrei fyrr. Upp hefur risið öflugt grasátarstarf sem nú leiðir baráttu okkar fyrir leiðréttingu á öllum þeim málum sem afvega hafa farið á tímum velmegunar eða niðurskurðar. Við höfum tekið höndum saman um að upplýsa stjórnvöld og þjóð um þýðingu þess að halda úti íslenskri kvikmyndamenningu og upplýsa stjórnmálamenn um þau hagrænu skilyrði sem þessi viðkvæma listgrein og iðnaður býr við. Þó að við höfum náð eyrum margra æðstu ráðamanna sem sýna aðstæðum okkar skilning hefur okkur því miður lítið orðið ágengt í að fá leiðréttingu á þeim niðurskurði sem kvikmyndasjóðir urðu fyrir og öðru því sem aflaga hefur farið á síðustu mánuðum. Fyrir utan vanefndir á samningi ríkisins við hagsmunafélög kvikmyndagerðarmanna væri líka hægt að nefna vanefndir á þjónustusamningi RÚV ohf. við íslenska ríkið sem hefur valdið gríðarlegum vonbrigðum meðal kvikmyndagerðar

manna og hefur svo sannarlega ekki verið til þess að bæta ástandið í greininni. Að stjórnvöld skuli ekki fyrir löngu hafa hlutast til um þetta ástand er okkur kvikmyndagerðarmönnum mikill þyrnir í augum. Dagarnir hafa þó sínar björtu hliðar því fyrir einstæða samstöðu kvikmyndagerðarmanna tókst okkur að stofna kvikmyndahús að okkar skapi í Reykjavík á síðasta ári. Hagsmunasamtök í kvikmyndagerð – FK, SÍK, SKL og RIFF ásamt Félagi kvikmyndaunnenda – tóku höndum saman og stofnuðu Heimili kvikmyndanna, Bíó Paradís. Á örskömmum tíma breyttum við ásýnd gamla Regnbogans í Bíó Paradís og höfum rekstur. Norrænir kollegar horfðu forviða á okkur og spurðu: „En er ekki kreppa á Íslandi?“ Jú, það er fjárhagsleg kreppa á Íslandi en hér ríkir ekki hugmyndafræðileg kreppa og við skiljum mikilvægi þess að efla listir og menning á tímum sem þeim sem nú ríkja. Almennigur hefur tekið vel á móti þessu nýstárlega framtaki og gestum fjölgar með hverjum mánuði. Tekist hefur að tryggja rekstur Bíó Paradís með dyggum stuðningi Reykjavíkurborgar og íslenska ríkisins, og ljóst að þetta framtak verði íslenskri kvikmyndamenningu til mikils framdráttar á komandi misserum.



SAMSTARFSADILAR
REYKJAVÍK SHORTS AND DOCS 2011:

BÍÓ ★ PARADÍS
Heimili kvikmyndanna



Reykjavíkurborg



Félag kvikmyndagerðarmanna

